



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavíkurborg
Fjármála- og Velferðarsvið

3 des

Málsnr.: R15020056
Skjalasafn Ráðhúss
23. nóv. 2015
Bréfalykill: 230

R15020056
VEL2015020024
Skjalalykill: 04.01.03
Dags: 28.10.2015
BBS/HH/SF

Umsögn

Efni: Umsögn um tillögu stjórnar SSH um breytingar á kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaga að samkomulagi um ferðaþjónustu fatlaða og tillögu að breytingum á framkvæmd þjónustunnar

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri/Velferðarsvið

Borgarráð hefur óskað eftir umsögn fjármálastjóra og Velferðarsviðs sem hér er lögð fram sameiginlega.

Tillaga stjórnar SSH felur annars vegar í sér að horfið verði frá því að skipta kostnaði við ferðaþjónustu fatlaðs fólks að 50% leyti miðað við fjölda ferða og 50% leyti eftir ekinni vegalengd og hins vegar að breytingar verði gerðar á þjónustu við fatlað fólk.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að eftir samþykkt tillögunnar fari kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna eftir tímalengd einstaklinga í bifreið. Breytingin felur í sér miðað við útreikninga Framsækni ehf. að hlutdeild Reykjavíkurborgar fari úr 66,7% í 72%. Breytingin leiðir af sér að útgjöld velferðarsviðs aukast um rúmlega 5 mkr. á mánuði eða um 70 mkr. á árinu 2015 að því gefnu að hlutföll verði þau sem sett eru fram í viðmiðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að útgjöld muni aukast um 90 mkr á árinu 2016. Ef fjárhagslegur árangur næst með breytingum á þjónustunni kemur hann til frádráttar að einhverju leyti á árinu 2016 en ómögulegt er að kostnaðarmeta það. Ekki er gert ráð fyrir þessum viðbótarkostnaði í fjárheimildum velferðarsviðs fyrir árið 2015 né í drögum að fjárhagsáætlun árið 2016.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. er kerfið, sem notað er til skráningar á ferðum, ekki í stakk búið til að veita upplýsingar um tímalengd þjónustuþega í bifreið og mun áformuð kerfisbreyting líklega fela í sér viðbótakostnað við breytingar á hugbúnaði auk þess sem upplýsingar um keypt magn munu ekki liggja fyrir við samþykkt reikninga. Það er mikil afturför frá því sem verið hefur frá janúar 2015 og mun gera allt innra eftirlit velferðarsviðs flókið. Fyrirliggjandi tillaga byggir á tímamælingum Framsækni ehf. í einum mánuði, maí 2015. Það er álítaefni hvort þessi tímamæling geti talist dæmigerð fyrir alla mánuði ársins eins og virðist gengið út frá. Í því sambandi má benda á að akstur tengdur skólasókn er t.d. árstíðabundin og mun ekki hafa verið á umræddu tímabili. Það er þess vegna tæpast óhætt að draga þá ályktun hvað þessi aðferð og fyrirliggjandi tillaga muni þýða í aukningu kostnaðar fyrir borgarsjóð.

Þá er vakin athygli á að samkvæmt frumgögnum Framsækni ehf. er gert ráð fyrir að einingaverð pr. ferð í Reykjavík verði hærra en í öðrum samstarfssveitarfélögum eftir aðgerðir. Ekki eru færð sérstök rök fyrir því.

Varðandi breytingar á þjónustu er velferðarsvið fylgjandi því að skoðaðar séu leiðir til að ná fram lækkun á aksturskostnaði. Mikilvægt er þó að hagræðing í kostnaði þýði ekki verulega lækkun á þjónustustigi til notenda, til dæmis með þeim hætti að notendur muni eyða mun lengri tíma við að komast á milli staða. Mikilvægt er að velferðarsvið Reykjavíkurborgar komi að þeirri vinnu að skoða



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavíkurborg
Fjármálastofa

leiðir til lækkunar aksturskostnaðar til að tryggja að hagsmunir borgarinnar og hagsmunir notenda verði hafðir að leiðarljósi. Mikil óvissa er um hvort og í hve miklum mæli hagræðing næst á móti auknum kostnaði vegna umræddra breytinga.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri